



Alþýðusamband Íslands

Nefndarálit og tillögur laga- og allsherjarnefndar á 42. þingi ASÍ 2016

Nefndinni stýrði Signý Jóhannesdóttir, Stéttarfélagi Vesturlands. Ritari var starfsmaður nefndarinnar, Magnús M. Norðdahl lögfræðingur ASÍ. 10 þingfulltrúar tóku þátt í störfum nefndarinnar.

Nefndin kom saman kl. 09:00 þann 27.10 2016. Til umræðu voru tillögur miðstjórnar og Eflingar um breytingar á lögum ASÍ, tillaga VLFA um neyslúvísitöluna og tillögur miðstjórnar um framlög í vinnudeilusjóð og um undirbúning að gerða heimildarmyndar o.fl. Fyrir nefndinni lágu ofangreindar tillögur ásamt umsögnum miðstjórnar og öðrum viðeigandi þingskjölum.

Tillaga miðstjórnar um breytingar á 41.gr. laga ASÍ

Efnislega fjallar breytingar þessar um að almennt skatthlutfall til ASÍ hækki um 0,9%, út 7,4% í 8,3% og lágmarksskattur úr 5,7% í 6,6%. Það gerist í tveimur áföngum og komi til fullrar framkvæmdar haustið 2018 vegna tekna aðildarfélaganna 2017.

Í nefndinni kom fram að þessi 0,9% hækkun sé um 12% raunhækkun sem sé að talsverð hækkun fyrir þau félög sem eru með 0,7% félagsgjald. Sú framsetning að þetta legðist jafnt á iðgjaldatekjur allra væri villandi. Jafnframt kom fram, að eftir hrúnið hafi verið ákveðið að verja starfsemi félaganna vegna fækkunar félagsmanna og þess vegna hafi skattar verið lækkaðir til ASÍ og ákveðið að ganga á eigur sambandsins. Á sama tíma var ákveðið að ASÍ sinnti tilteknum verkefnum í þágu allra aðildarfélaganna t.d. Einn réttur-ekkert svindl, klukk og unga fólkíð og í raun að taka á sig kostnað sem annars hefði fallið á félögin. Jafnframt var ákveðið af formönnum og stærstu félögum að nauðsynlegt væri að ráða framkvæmdastjóra. Gagnrýnt var að efnt hefði verið til kostnaðar áður en skattahækkunir væru ákveðnar. Fram kom að hins vegar þá hafi verið svigrúm í eignum og ávöxtun fjármuna til að brúa það bil. Fram kom að ef þessar breytingar verði felldar þurfi að skera niður starfsemi á skrifstofu sambandsins. Rætt var um réttlæti skattkerfisins í heild þ.e. það að umreikna félagsmenn og leggja á í stað t.d. nefskatts eins og gert sé á norðurlöndunum. Fækkun hafi verið í iðnaðarmannafélögunum og hugsanlega þurfi að hækka skatta féлага sem innheimta 0,7% félagsgjald. Spurt var hvort þau verkefni sem hafi verið ákveðin séu til framtíðar og fram kom í því sambandi að sumt sé þess eðlis eins og t.d. aukin þátttaka í vinnueftirliti og vinnuvernd. Rekstur ASÍ fyrir utan fjármagnsliði eigi að vera kominn í jafnvægi á árinu 2018. Fram kom einnig að ef ASÍ fari að skila rekstarafgangi þá muni skattar verða teknir til endurskoðunar að nýju enda sé ekki hlutverk sambandsins að safna fjármunum. Alltaf þurfi að endurmeta á grundvelli verkefna.

Nefndin, að undanskildum einum nefndarmanni var sammála um að mæla því að tillaga miðstjórnar á þingskjali nr. 9 verði samþykkt óbreytt.

Tillaga miðstjórnar um breytingar á 46.gr. laga ASÍ

Efnislega fjallar breytingar þessar um að löggiltur endurskoðandi ASÍ skuli kjörinn á sambandsþingi í stað þess að miðstjórn ráði hann.

Nefndin var sammála um að mæla með samþykkt tillögunnar óbreyttrar eins og hana er að finna á þingskjali nr. 9.

Tillaga Eflingar um breytingar á 4.mgr. 49.gr. laga ASÍ

Efnislega fjallar tillagan um að dánarbætur sjúkrasjóða skv. lögum ASÍ taki breytingum m.v. vísitölu neysliverðs í stað launavísitölu.

Fram kom að þetta megi ekki verða til lækkunar núverandi bóta og þess vegna þurfi breytingin að taka gildi frá og með tilteknum degi m.v. uppreiknaða fjárhæð m.v. launavísitölu.

Nefndin var sammála um að mæla með samþykkt tillögunnar þannig:

d. liður 49.gr. breytist og hljóði svo:

Eingreiddar dánarbætur við andlát virks og greiðandi sjóðfélaga sem nemi 360.000~~180.000~~.- krónum m.v. starfshlutfall hans. Rétt hafar bóta eru maki sjóðfélaga og börn hans undir 18 ára aldri. Bótafjárhæð miðast við vísitölu neysliverðs~~launavísitölu~~ pr. 1.17 2017~~06~~ og tekur sömu breytingum og hún.

Tillaga VFLA til ályktunar um breytingu á mælingu neyslúvísitölu

Í tillögunni er lagt til að 42. þing ASÍ skori á stjórnvöld að taka húsnæðisliðinn út úr mælingu neyslúvísitölnnar.

Í umræðum kom fram að í raun sé tilgangur tillögunar sá að leggja til breytingu á verðlagsviðmiðun vegna lána og tekur nefndin undir hana. Nefndin var hins vegar sammála um að hana þyrfti að endurorða til þess að ná markmiði sínu. Nefndin leggur því til að tillagan umorðist og hljóði þannig:

42. þing ASÍ haldið 26-28. október 2016 skorar á stjórnvöld og Alþingi að vísitala neyslúverðs til verðtryggingar skv. lögum um vexti og verðtryggingu verði hér eftir reiknuð án húsnæðisliðar.

Tillaga miðstjórnar um framlag í Vinnudeilusjóð

Í tillögunni er lagt til að 42. þing ASÍ samþykki að kr. 143.023.705.- af óráðstöfuðu eigin fé sambandsins skuli ráðstafað í Vinnudeilusjóð ASÍ.

Í nefndinni kom fram að hér væri í raun um yfirlýsingu að ræða en jafnframt að nauðsynlegt sé að tiltekið fé sé til ráðstöfunar til þess að styðja við aðgerðir aðildarfélaganna sem samstaða er um. Fram kom einnig að halda þurfi þessu fé aðgreindu frá öðrum eignum,

Nefndin var sammála um að mæla með samþykkt tillögunnar óbreyttrar eins og hana er að finna á þingskjali nr. 11.

Tillaga miðstjórnar um undirbúning að gerð heimildarmyndar o.fl.

Efnislega er lagt til að í tilefni 100 ára afmælis Alpýðusambands Íslands verði allt að kr. 20.000.000.- ráðstafað til þess annars vegar að undirúa gerð heimildarmyndar um sögu og starfsemi ASÍ í 100 ár og til þess hins vegar að gera ný útgefna sögu ASÍ aðgengilega á rafrænan hátt, þ.m.t. í formi rafbókar/a.

Í umræðum kom fram að fyrst of fremst fælist þetta í því að taka saman efni sem þegar sé til og leggja sig fram um að finna það.

Nefndin var sammála um að mæla með samþykkt tillögunnar óbreyttrar eins og hana er að finna á þingskjali nr. 13.

Þannig staðfest,



Signý Jóhannesdóttir.